ÖLDUSELSSKÓLI

Námsáætlun / bekkjarnámskrá 2026 – 2027

Samfélagsfræði, 4. bekkur

Kennari/ar

Kristín Steinunn Birgisdóttir, kristin.steinunn.birgisdottir@reykjavik.is

María Thorlacius, maria.thorlacius.yngvinsdottir@reykjavik.is

Sigríður Hrönn Þórarinsdóttir, sigridur.hronn.thorarinsdottir@reykjavik.is

Elma Finnlaug Þorsteinsdóttir, Elma.Finnlaug.Thorsteinsdottir@reykjavik.is.

Lýsing

Kennslutími: 70 mínútur á viku samkvæmt stundatöflu. Námið tengist samfélagi, sögu og nærumhverfi og er að hluta samþætt náttúrufræði og lífsleikni. Áætlunin er birt með fyrirvara um breytingar.

Markmið / inntak

Nemendur kynnast ólíkum lífsaðstæðum, menningu, réttindum og ábyrgð. Unnið er með fjölbreytni, samhjálp, sögu, kortalæsi og sjálfbærni. Nemendur afla upplýsinga, ræða málefni og miðla þekkingu sinni.

Námsefni

Unnið er með:

- Halló heim og Könnum heiminn, í samþættingu við náttúrufræði
- SOS Barnaþorp og jóladagatal fyrir jólin
- Kort, myndir, frásagnir og verkefni kennara

Kennsluaðferðir

Unnið er með umræður, hugtök, paravinnu og hópverkefni. Viðfangsefni eru tengd reynslu nemenda og nærumhverfi. Fyrir jólin kynnast nemendur starfi SOS Barnaþorpa og vinna með jóladagatalið. Vettvangsferðir sem glæða námsefnið lífi og gera það áþreifanlegt. Þær tengja námið við umhverfið og víkka sjóndeildarhring nemenda.

Námsmat

Námsmat byggist á verkefnum, frásögnum og þátttöku í umræðum. Metinn er skilningur, notkun hugtaka og hæfni til að afla upplýsinga og miðla þeim. Endurgjöf og niðurstöður birtast í Mentor.

Námslotur

Námið er samþætt en megináherslur eru:

Samfélagið okkar: fjölskylda, nærumhverfi, reglur og fjölbreytni.

Réttindi og samhjálp: líf barna og SOS Barnaþorp.

Saga og kort: heimabyggð, Ísland og valdir atburðir.

Jörðin okkar: auðlindir, neysla og sjálfbærni.

Hæfniviðmið úr aðalnámskrá **(listuð upp eins og þau eru í aðalnámskrá)**

Valin hæfniviðmið við lok 4. bekkjar. Nemandi getur:

- rætt um samfélagið og notað valin hugtök í því samhengi,
- aflað sér upplýsinga um samfélagið úr völdum textum, hljóð- og myndefni og sagt frá efninu,
- spurt spurninga og tekið þátt í umræðu um valin samfélagsleg og siðferðileg málefni,
- sett sig í spor jafnaldra og fjölskyldumeðlima,
- tekið þátt í samstarfi og sameiginlegum ákvörðunum í jafningjahópi og innan fjölskyldunnar.
- sagt frá sjálfum sér með hliðsjón af uppruna, búsetu, fjölskyldu, siðum og venjum,
- áttað sig á að fólk býr við ólík fjölskylduform, hefur ólíkan bakgrunn og borið virðingu fyrir mismunandi lífsviðhorfum og siðum,
- rætt um réttindi sín og skyldur og þekki til Barnasáttmála Sameinuðu þjóðanna,
- áttað sig á að hver einstaklingur er hluti af stærra samfélagi,
- sagt frá umferðarreglum fyrir gangandi og hjólandi vegfarendur og farið eftir þeim,
- áttað sig á hlutverki og notagildi landakorta og ratað með hjálp einfaldra korta,
- gert sér grein fyrir mikilvægi sínu í umgengni um og vernd náttúrunnar.

Heimild: Aðalnámskrá grunnskóla, 24. kafli, adalnamskra.is.